



GJALDSKRÁ FYRIR FÉLAGSLEGA HEIMAÞJÓNUSTU OG HEIMSENDINGU MATAR

1.gr.

Gjald fyrir heimaþjónustu

Félagsleg heimaþjónusta er veitt gegn gjaldi fyrir hverja veitta þjónustustund. Gjöld fyrir félagslega heimaþjónustu eru tekjutengd og eru gjaldflokkarnir tveir. Röðun í gjaldflokka tekur mið af framfærsluviðmiðum Tryggingastofnunar ríkisins hverju sinni. Ákvörðun gjaldflokks ræðst af öllum skattskyldum tekjum þjónustuþega, þ.m.t. fjármagnstekjum eins og þær eru samkvæmt skattframtali.

Innheimt er fyrir að hámarki 8 klukkustundir á mánuði í félagslega heimaþjónustu. Innheimt er fyrir heimilisþrif og aðstoð við búðarferðir.

Önnur félagsleg heimaþjónusta, þ.e. innlit og persónuleg aðstoð á dagvinnutíma og kvöld- og helgarþjónusta er endurgjaldslaus.

Tekjumörk til ákvörðunar á greiðslu miðast við skattskyldar tekjur einstaklinga og hjóna.

Tekjumörk einstaklings á mán.	Tekjumörk hjóna á mán.	Gjald á klukkustund
Undir kr. 300.000	Undir kr. 477.188	kr. 0
Yfir kr. 300.000	Yfir kr. 477.188	kr. 1.085

2.gr.

Gjald fyrir heimsendingu matar

Gjald fyrir heimsendingu matar er kr. 1.177,- sem skiptist þannig:

Matur (hráefniskostnaður)	kr. 1.025
Heimsendingarkostnaður	kr. 155

Tekjumörk til ákvörðunar á greiðslu heimsendingarkostnaðar miðast við sömu forsendur og gjöld fyrir heimaþjónustu sbr. 1.gr.

Einstaklingur sem hefur skattskyldar tekjur undir kr. 300.000 á mánuði og hjón sem hafa skattskyldar tekjur undir kr. 477.188 á mánuði, greiða eingöngu fyrir matinn (hráefniskostnað).





3.gr.

Tekjuupplýsingar

Árlega er kallað eftir endurnýjun á tekjuupplýsingum. Kjósi notendur af einhverjum ástæðum að skila ekki inn umsókn og tekjuupplýsingum fyrir tilskilinn tíma greiða þeir fullt gjald.

4.gr.

Akstur

Ekki er innheimt gjald fyrir akstur vegna persónulegra erinda, s.s. í búðir og í banka.

Ekki er innheimt gjald fyrir akstursþjónustu sem er á vegum bæjarfélagsins.

5.gr.

Lagagrundvöllur og gildistaka

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 29.gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 25.gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og tekur gildi 15. janúar 2018. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu á Akranesi frá 15. janúar 2017.

Samþykkt í bæjarráði Akraness 7. desember 2017.

Samþykkt í bæjarstjórn Akraness 9. janúar 2018.



Sævar Freyr Práinsson

bæjarstjóri